



Söfnun umbúða – hvernig náum við markmiðunum?



Reykjavíkurborg

Guðmundur B. Friðriksson
Skrifstofustjóri Skrifstofu neyslu og úrgangs
Umhverfissvið Reykjavíkurborgar

Efni fyrirlestrar

– spurningarnar þrjár

- Hvernig náum við markmiðunum?
- Hvað má það kosta – peningar og fyrirhöfn?
- Hver er framtíðarsýn þín fyrir árið 2020?



Hvernig náum við settum markmiðum?

- Markmið fyrir einstaka umbúðaflokka:
 - 60 % af þyngd fyrir gler.
 - 50 % af þyngd fyrir málm.
 - 15 % af þyngd fyrir timbur.

Umbúðaefni	Endurnýting Markmið		Endurvinnsla Markmið	
	2001 %	2011 %	2001 %	2011 %
Plast			15*	22,5*
PPK			15*	60*
Samtals	50-65**	60**	25-45**	55-80**

* Lágmark
** Að meðaltali fyrir allar umbúðir

Tafla 4.2 - 1. Yfirlit yfir árangur (2001) og markmið (2011) varðandi umbúðaúrgang á Íslandi.



Hvernig náum við settum markmiðum?

- Hvar náum við sem mestum árangri með sem hagkvæmustum hætti?
 - Söluumbúðir, safnumbúðir, flutningsumbúðir.
 - Rekstraraðilar vs. heimili.
 - Það verður að horfa á umbúðaúrgang í heild sinni.



Hvernig náum við settum markmiðum?

- Þrjár leiðir:
 1. Boð og bönn – Sveitarfélög geta skyldað einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang.
 2. Hagrænn hvati – Sorphirðugjald, frítt að losa flokkaðan úrgang, úrvinnslugjald, skilagjald.
 3. Aukin þjónusta – Flokkaður úrgangur sóttur á heimili, þéttleiki og flokkar úrgangs á grenndar- og endurvinnslustöðvum.



Hvað má það kosta – peningar og fyrirhöfn

- Markmiðin eru sett skv. tilskipun Evrópusambandsins og þarf að ná.
- Hver á að borga?
 - Mengunarbótareglan (“PPP”).
 - Úrvinnslugjald besta leiðin fyrir flokkaðan úrgang.
- Sorphirðugjald fyrir óflokkaðan úrgang þarf að nema raunkostnaði.
- Úrvinnslugjaldið þarf að ná til allra flokka úrgangs á grenndarstöðvum.



Hvað má það kosta – peningar og fyrirhöfn

- Hagkvæmasta leiðin:
 - Söfnun á plast og pappambúðum frá heimilum í landinu er dýr og flókin en gæti þurft náist markmið ekki með öðrum hætti.
 - Forgangsröðun:
 1. Flutnings og söfnunarumbúðir.
 2. Söluumbúðir.
 - Hagkvæmasta leiðin ræðst af settum markmiðum og hversu mikið vantar uppá til að ná þeim. Margar leiðir færar.



Framtíðarsýn

- Fyrst og fremst þarf að draga úr myndun úrgangs.
- Taka þarf mið af mengunarbótareglunni við söfnun og endurnýtingu/-notkun á úrgangi.
- Framtíðarsýnin næst best með úrvinnslugjaldi.
- Framtíðarkerfi söfnunar og meðhöndlunar á úrgangi:
 - Úrvinnslugjald á flokkaðan úrgang og söfnun og meðhöndlun hans kostuð með úrvinnslugjaldi.
 - Greitt fyrir blandaðan úrgang með sorphirðugjaldi á hverja sorptunnu. Íbúar eigi kost á lægri losunartíðni eða færri/smærri sorptunnum gegn lægra gjaldi.



Niðurstaða

Til að ná markmiðunum þurfum við hagrænan hvata, þ.e.a.s. bjóða uppá fría eða ódýra losun á flokkuðum úrgangi og við þurfum að styðja þennan hvata með góðri þjónustu og sorphirðugjaldi sem nemur raunkostnaði.

Við “fría” losun á flokkuðum úrgangi þurfum við að hafa mengunarbótaregluna og minnkun úrgangs að leiðarljósi. Það gerum við með að leggja úrvinnslugjald á þann flokkaða úrgang sem heimilt er að losa frítt.

Fyrirhöfn og hámarks kostnaður þurfa að miðast við að markmiðum reglugerðar verði náð. Horfa þarf á umbúðaúrgang í heild sinni við leit að hagkvæmstu leið.

Setja þarf úrvinnslugjald á alla úrgangsflokka sem losaðir eru á grenndarstöðvum þ.a. styrkja megi kerfið.

